

Þriðjudaginn 19. janúar 1993.

Nr. 19/1993. **Eliás Kristjánsson**

gegn

Þrotabúi Skúla Sigurðssonar.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1992, er barst réttinum 11. janúar 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 1992 verði hrundið og krafa sín í þrotabúi varnaraðila, að fjárhæð 1.779.587 krónur, viðurkennd sem forgangskrafa. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Krafa sóknaraðila í þrotabúi varnaraðila varðar skil af hálfu þrotamanns á innheimtufé, er hann hafði fengið í sínar vörslur sem lögmaður. Gerir sóknaraðili tilkall til þess, að krafan njóti forgangsréttar við búskiptin samkvæmt ákvæðum 7. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sem í gildi voru, þegar búið var tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og 2. mgr. 189. gr. laga nr. 21/1991. Lögmaður sóknaraðila í máli þessu hafði haft kröfuna til innheimtu um nokkurt skeið, þegar gjaldþrotið bar að höndum. Lýsti hann kröfunni á síðasta degi innköllunarrests með áskilnaði um nánari sundurliðun án þess að gera nokkra grein fyrir efni hennar.

Við gerð kröfuskrár samkvæmt 1. mgr. 108. gr. laga nr. 6/1978 lagði bústjóri réttilega til, að kröfunni yrði hafnað vegna vanreifunar. Tilkynnti hann lögmanninum þá afstöðu með bréfi í samræmi við 3. mgr. 108. gr., þar sem þess var getið, að koma mætti andmælum við henni á framfæri í síðasta lagi á fyrsta skiptafundi í búinu. Á þeim fundi gerði lögmaðurinn grein fyrir kröfunni og krafðist þess forgangsréttar, sem fyrr greinir. Skiptastjóri tók sér

frest til að skoða kröfugögnin frekar. Lýsti hann síðan þeirri afstöðu á næsta skiptafundi, að krafan yrði samþykkt sem almenn krafa, en forgangsrétti hafnað.

Kröfulýsing lögmanns sóknaraðila við innköllun í búinu var ófullnægjandi þegar af þeirri ástæðu, að af henni varð ekkert ráðið um efni kröfunnar. Á hinn bóginn liggur það fyrir, að lögmanningurinn var gefinn kostur á að lagfæra lýsinguna á fyrsta skiptafundi, og gerði hann það skilmerkilega. Ekki er unnt að líta svo á, að þessi tilhögun hafi farið í bága við ákvæði XVI. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þannig að óheimilt væri að taka kröfuna til greina við búskiptin. Forgangsréttur sá, sem sóknaraðili hefur krafist, er í samræmi við efni kröfunnar. Þarf hann ekki að sætta sig við, að krafan verði samþykkt, án þess að rétturinn fylgi henni. Ber þannig að viðurkenna hana sem forgangskröfu, eins og sóknaraðili fer fram á í máli þessu, en ekki er deilt um annað en stöðu kröfunnar.

Rétt er, að kærumsáskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Krafa sóknaraðila, Elíasar Kristjánssonar, í þrotabú Skúla Sigurðssonar er viðurkennd sem forgangskrafa.

Kærumsáskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsóms Reykjavíkur 17. desember 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum máflutningi 23. nóvember sl.

Sóknaraðili er Elías Kristjánsson, kt. 250538-3759, Hraunbæ 102 B, Reykjavík, en varnaraðili þrotabú Skúla Sigurðssonar, kt. 121243-4909, Bauganesi 4, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þessar kröfur:

„1. að viðurkennd verði sú krafa sóknaraðila, að krafa hans í þb. Skúla Sigurðssonar, að fjárhæð 1.779.587 kr., njóti forgangsréttar skv. 7. tl. 84. gr. 1. nr. 3/1878,

2. að þb. Skúla Sigurðssonar verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 4. mgr. 129. gr. 1. nr. 91/1991.“

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði þeirri kröfu sóknaraðila, að krafa hans verði viðurkennd sem forgangskrafa skv. 7. tl. 84. gr. eldri skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabúið og fallist verði á röðun skiptastjóra á kröfunni í skuldaröðina sem almenna kröfu skv. 85. gr. eldri skiptalaga nr. 3/1878. Jafnframt er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi sóknaraðila ásamt 24,5% virðisaukaskatti.

Málið var þingfest 28. september 1992, en tekið til úrskurðar 23. nóvember sl., eins og áður segir.

II.

Málavextir eru þessir: Bú Skúla Sigurðssonar hdl., kt. 121243-4909, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðanda 13. febrúar 1992. Þrotamaður hafði haft til innheimtu fyrir föður sóknaraðila, Kristján Elíasson, ákveðna veðskuld og fengið hana greidda af uppboðsandvirði eignar þeirrar, sem stóð að veði fyrir skuldinni. Þrotamaður var ekki búinn að gera skil á þessum fjármunum nema að takmörkuðu leyti, þegar hann varð gjaldþrota, en sóknaraðili hafði þá fengið kröfuna framselda frá ekkju Kristjáns eftir lát hans.

Kröfulýsingarfrestur rann út 10. maí sl. Kröfu sóknaraðila í búið var fyrst lýst með símbréfi til skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en síðan með bréfi, sem mótttekið var af skipuðum bústjóra, fyrst til bráðabirgða, en síðar til frambúðar, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl., núverandi skiptastjóra, á skiptafundi 15. júní sl.

Í skrá um lýstar kröfur í búið frá 1. júní sl. var kröfu sóknaraðila hafnað vegna vanreifunar, en á skiptafundi 29. júní sl. breytti bústjóri afstöðu sinni með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem hann hafði fengið í hendur frá sóknaraðila á skiptafundinum 15. s. m., og samþykkti kröfu, samtals að fjárhæð 1.779.587 kr., sem almenna kröfu í búið, en hafnaði forgangi hennar. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari afstöðu bústjóra á skiptafundinum, og var meðferð þess ágreinings þá frestað. Á skiptafundi 30. júlí sl., sem ekki var sóttur af hálfu sóknaraðila, var síðan ákveðið með vísan til 171. gr. laga nr. 21/1991 að beina þessu ágreiningsmáli til Héraðsdóms Reykjavíkur, en bréf frá skiptastjóra í þá veru var mótttekið í héraðsdómi 15. september sl.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að samkvæmt reglum, er gilt hafi í framkvæmd fyrir gildistöku laga nr. 21/1992 um gjaldþrotaskipti o. fl., þ. e. fyrir 1. júlí sl., hafi krafa um forgangsrétt getað komið fram allt til loka skipta með fullum áhrifum. Hann segir, að samkvæmt fyrri réttarskipan hafi á kröfulýsingu einungis þurft að vera tilkynning til skiptaráðanda um,

að viðkomandi ætti kröfu á hendur búinu, sem hann ætlaðist til, að yrði greidd af eignum búins, en hvergi væri að finna fortakslaust skilyrði fyrir því í löggjöf, eins og hún var fyrir 1. júlí sl., eða öðrum réttarheimildum, að fram hefði þurft að koma fyrir lok kröfulýsingarfrests, hvort krafa væri forgangskrafa eða ekki, til að efnisleg forgangskrafa héldi stöðu sinni sem slík.

Sóknaraðili staðhæfir, að fyrir fyrsta skiptafund hafi a. m. k. verið heimilt með fullum rétti að koma fram með leiðréttingar á kröfulýsingu, bæði um fjárhæð og, eins og hér um ræði, stöðu kröfu gagnvart öðrum kröfuhöfum. Hann telur, að skiptaráðanda hafi borið að raða kröfum, sem lýst hafi verið innan innköllunarfrests, í samræmi við B-lið 8. kap. 1. nr. 3/1878 án tillits til, hvernig kröfum hafi verið lýst.

Varnaraðili hafnar því algerlega, að eins og hér stóð á, hafi sóknaraðila verið heimilt að koma að áskilnaði um forgangsrétt kröfu sinnar í skuldaröð, eftir að kröfulýsingarfresti lauk. Hann heldur því fram, að venjubundin viðhorf í fræðikenningum og framkvæmd leiði til þessarar niðurstöðu sinnar. Hann vísar til 108. gr. laga nr. 6/1978, þar sem segir: „Ef kröfu er lýst sem forgangskröfu eða kröfu, sem á annan hátt komi á tiltekinn stað í skuldaröð, skal þess og getið á skránni“ og ásamt ákvæðum 113. gr. laga nr. 85/1936 þessu til stuðnings. Þá leiði túlkun ákvæða 111. gr. laga nr. 6/1978 til sömu niðurstöðu að mati hans.

IV.

Sóknaraðili fékk ekki á skiptafundi kröfu sína samþykktu sem forgangskröfu, eftir að honum hafði láðst að lýsa henni sem slíkri fyrir lok kröfulýsingarfrests. Ekkert hefur komið fram, sem afsakar það, að kröfunni var ekki nægilega lýst tímanlega. Með vísun til 111. gr. laga nr. 6/1978 sem og að öðru leyti til rökstuðnings varnaraðila verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila. Ekki er tekin afstaða til þeirrar kröfu varnaraðila, að kröfu-upphæð sóknaraðila verði skipað í stöðu almennrar kröfu í skuldaröðinni, þar sem ekki er að sjá, að ágreiningur sé milli aðila um það efni, þegar þeim sleppir, sem er um forgang kröfu sóknaraðila.

Eftir þessi úrslit máls er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila er hafnað. Sóknaraðili, Elías Kristjánsson, greiði varnaraðila, þrotabúi Skúla Sigurðssonar, 50.000 kr. í málskostnað.